



103. aðalfundur Fáks

Félagsheimilinu 30. apríl 2024 kl. 20.00

Fundur settur

Hjörtur Bergstað formaður Fáks setti fundinn og minntist látinna félaga.

Kosning starfsmanna

Formaður tilnefndi því næst Sigurbjörn Magnússon sem fundarstjóra. Fundurinn samþykkti með lófaklappi. Fundarstjóri tók við stjórni fundarins og tilnefndi Hildu Karen Garðarsdóttur fundarritara og samþykkti fundurinn það sömuleiðis með lófaklappi.

Lögmæti fundarins

Fundarstjóri fór yfir lögmæti fundarins og skýrði frá því að til hans hefði verið boðað á eftirfarandi hátt:

- 16. apríl 2024 á vefsíðu félagsins.
- 16. apríl 2024 á fésbókarsíðu félagsins.

Fundarmenn gerðu engar athugasemdir við boðun fundarins. Samkvæmt lögum Fáks, skal boða til aðalfundar með minnst tveggja vikna fyrirvara. 64 félagsmenn sóttu fundinn en til að fundur teljist lögmætur þurfa minnst 30 félagar að sitja hann.

1. Skýrsla stjórnar

- Formaður lagði fram og skýrði skýrslu stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári.
- 12 formlegir fundir voru haldnir á árinu.
- Fyrsta verk að boða til félagsfundar vegna fyrirspurnar frá LH um að halda Landsmót hestamanna í júlí 2024 í samvinnu við hestamannafélagið Sprett. Fundurinn samþykkti það og gengið var frá samningi við Sprett, sem var þannig að við leigðum svæðið okkar fyrir 15 milljónir, borgin styrkir mótið um 30 milljónir og mennta- og barnamálaráðuneytið um 20 milljónir. Fyrir Landsmótið 2018 vorum við í 5 ár að undirbúa okkur og frá því móti eru til mikil og góð gögn sem nýtast okkur vel núna. Einar Gíslason framkvæmdastjóri Fáks og Landsmótsins, fer yfir áætlun okkar fyrir mótið í sumar hér á eftir. Þetta er búin að vera mikil vinna síðan samningar náðust en skemmtileg og uppbyggileg. En þið félagsmenn gætuð spurt: hvað gerir svona móti fyrir félagið, félagsmenn Fáks? Stutta svarið er þannig að fjármunir fara í uppbyggingu á reiðvegum og nærumhverfi og sömuleiðis í aðra innviði okkar eins og félagsheimili og reiðhöll.
- Tjaldsvæði og kerrusvæði, þurfum að sækja um leyfi til að hafa umráð yfir því svæði. Viljum fá að hafa það leyfi til frambúðar. Rvkborg bauð okkur að hafa svæðið en þau myndu kaupa upp hesthúsin sem eru á svæðinu og í staðinn kæmi hjólhýsasvæði á svæðið að hluta. Nú liggar fyrir leyfi til eins árs í senn, uppseiganlegur með 3 mánaða fyrirvara og framlengist til 1 árs í senn. Fáum landið við dýraspítalann og kerrusvæðið, höfum ekki heimild til að hreinsa til eða framkvæma að öðru leyti. Getum þá boðið uppá hagabéit á þessa bletti sem útdeilt verður á réttlátan hátt. Rukka þarf fyrir pláss á kerrusvæði, þannig að það yfirfyllist ekki og sjóður myndist til að halda úti myndavélakerfi þarna og dekki annan kostnað.
- Verið er að byggja brýr við Elliðaárnar í tengslum við breikkun Breiðholtsbrautar. Nayðsynlegar framkvæmdir og við getum ekkert gert í þessu. Þetta er rask fyrir



- okkur hestamenn, reiðvegurinn verður lokaður en lagaður á endanum. Við þurfum að taka tillit til þessara framkvæmda.
- Hraði í hverfinu, 50 km hámarkshraði. Fyrir nokkrum dögum var því breytt í 40 km hámarkshraða og skilti með 30 komin inní hverfin. Við þurfum að virða þetta sjálf og fara eftir þessum reglum.
 - Áréttu að það er breyttur tími á rekstrarhring á stóra vellinum og að hann er ekki akstursleið, ekki til að sýna/skoða hesta úr bíl. Reglur eru settar í öryggisskyni fyrir hestamenn. Reiðleiðir eru heldur ekki akvegir og það má alls ekki keyra á þeim. Tökum tillit til hvers annars og forðumst óhöpp og slys.
 - Æskulýðs- og fræðslustarf. Við fórum sömu leið og félögin í kringum okkur og réðum fræðslufulltrúa. Blómleg kennsla og fræðsla hefur verið í félaginu í vetur og ný æskulýðsnefnd tók til starfa. Þau hafa hug á að fara í ferð með krakkana og þau hafa farið af stað með söfnun til að fjármagna hana, t.d. verið með sjoppuna í vetur, haldið bingó o.fl. Húfur og derhúfur hafa verið keyptar og þau munu selja þær til að setja í þennan sjóð. Hollt og gott að leggja á sig að safna peningum sjálf og um leið er það gott fyrir uppeldi barnanna okkar.
 - Barla Isenbügel flutti fyrir 3 árum síðan, hefur starfað við kennslu. Kennslusjóður sem hún flutti með sér hingað frá Sviss og hefur Sigrún Sig og fleiri komið að því.
 - Ásmundur Einar Daðason kom í heimsókn í dalinn í vetur, var gestur á móti hjá Meistaradeild Líflands og æskunnar og afhenti þar verðlaun, skoðaði félagshúsið og kynnti sér æskulýðsstarfið. Eftir þessu hefur verið tekið og þetta var gott tækifæri fyrir okkur til að halda hestaþróttinni á lofti og sérstaklega æskulýðsstarfinu. Nefnd verður stofnuð sem styður við félagshúsið varðandi kennslu og utanumhald. Ráðuneytið vill leggja okkur lið með fjármagni til að efla þetta starf ennfrekar.
 - Reiðvegir 2023 4 milljónir frá ríki, 4 frá borg. Árið 2024 6,4 frá ríki og vonandi smaa frá borg.
 - Nokkur slys hafa orðið á svæðinu í vetur. Kannski er maður ekki hæfur til að taka hlutlaust á þessum málum. Í dag er öryggisnefnd hjá LH og tilkynnt þau þangað. Gert til að skapa hlutleysi og til að skoða ef þarf. Langar að tilnefna Unni Sigurbórs í þessa nefnd fyrir okkar hönd.
 - LM fundur í Spretti fimmtudaginn 15. maí. Hugsaður fyrir sjálfboðaliða, kynning á stöðunni o.p.h.

Fundarstjóri leggur til að næst farið verið í yfirferð ársreikninga áður en orðið verði gefið laust um skýrslu stjórnar. Samþykkt af fundinum.

2. Ársreikningur

Hlíf Sturludóttir fyrrverandi gjaldkeri kynnti reikninga félagsins fyrir árið 2023. Álit var fengið hjá óháðum skoðunarmanni, Silju Dögg Ósvaldsdóttur. Hún gerði ekki athugasemdir við ársreikning félagsins. Sigrún Valdimarsdóttir stjórnarmaður kynnti fjárhagsáætlun ársins 2024.

Fundarstjóri gaf orðið laust um reikninga félagsins. Enginn kvað sér hljóðs. Fundarstjóri bar ársreikning og fjárhagsáætlun undir atkvæði fundarins og var hann samþykktur samhljóða.

3. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.



4. Bygging reiðhallar

Hjörtur Bergstað hafði framsögu í þessu máli. Það hefur vantað upp á inniaðstöðu, reiðhöllin er mikið nýtt og okkur vantar aðstöðu til kennslu. Hópur innan félagsins vill koma með fjármagn og borgin er tilbúin til að kaupa af okkur tíma.

Þormóður Skorri: upphafið er fyrirgreinnslan félagsmanna að bæta aðstöðuna í félaginu og byggja 40x40m höll sem yrði íþróttahús í eigu og rekstri Fáks. Þeir sem kæmu með fjármagn, myndu njóta góðs af því á einhvern hátt. 1600 fm og kostnaður áætlaður um 130 milljónir með vsk. Endurgreiðsla v/ íþróttahúss af vsk. Jarðvinna er ekki inní þessum tölum. Gróf áætlun er 160 milljónir með vsk. Eithvað af virðisaukaskattinum fæst endurgreitt. Ef borgin kemur að þessu með mánaðarlegum greiðslum í 5-7 ár, myndi það dekka kostnað við lántöku og greiðslu af láni.

Félagsmenn geta lagt fé til og tekið þátt. Útfærslan er að öðru leyti óskrifad blað. Stjórnin óskar eftir vilyrði til að fara í viðræður við borgina. Fákur myndir eiga húsið, þetta yrði íþróttahús til að fá vsk endurgreiddan. Síðan myndi þetta verða kynnt á sérstökum fundi þegar málin hafa skýrst.

Fundarstjóri gefur orðið laust.

Dagný Bjarnadóttir – er þetta viðbygging við gömlu reiðhöllina? Er þetta þá orðinn löglegur völlur?

Fundarstjóri svarar játandi varðandi viðbyggingu en ekki löglegur völlur.

Brenda Pretlove spyr hvað er núverandi reiðhöll stór?

HB svarar 39x65m

Hákon Leifsson – erum við þá hætt við stóru höllina? Er þetta frestun á henni, friðþæging jafnvel?

HB svarar – hugsað sem stakt hús, tveir vellir, opið á milli. Fákur byggir en hópur félagsmanna hefur áhuga á að leggja fjármagn í svona hús og taka þátt í uppbyggingunni. Borgin kaupir af okkur tíma og með því fjármögnum við rekstur hússins. Þetta mun styrkja veru okkar í Víðidalnum. Erum að biðja um leyfi til að halda áfram með hugmyndina, útfærslu og þ.h. Skóflustunga á LM í sumar í okkar villtustu draumum! Varðandi stóru höllina. Borgin spurði sömu spurningar. Við sögðum nei, erum ekki hætt við þá hugmynd, en það tekur okkur 5-6 ár að byggja hana. Við getum byggt þetta hús fljótt og jafnvel um áramót. En stóra höllin sem við höfum talað um, það er ýtt á okkur að halda þessu á lofti. Þarna væri hægt að halda sýningar, tónleika og aðra stórvíðburði. Þó að þetta megi auðvitað aldrei trufla okkar starfsemi hér í dalnum.

Heiðar Breiðfjörð úr Almannadal: hann átti að verða framtíðarsvæði. Átti að koma höll þar. Er Almannadalurinn gleymdur og á að leggja áherslu á svæðið hér í Víðidalnum? Í mörg ár hafa verið umræður um deiliskipulagið þar en ekkert gerist.

Búinn að vera þarna síðan 2012. Viljum fá svör um framtíðarplön

Almannadalssvæðisins.

Guðrún Odds dóttir: langar að þakka fyrir hugmyndina um reiðhöllina nýju. Þakka þessu fólk sem vill koma þessu á koppinn. Erum fleiri hér en í Almannadal og hér er fjöldinn og ég þakka fyrir þessa flottu hugmynd. Við þurfum að rífa upp stemninguna hér, félagið okkar. Takk enn og aftur.



HB þakkar Guðrúnu fyrir hlý orð. Varðandi spurningar Heiðars, þá kom sama hugmynd fram í Almannadal, en það hefur ekki gengið ennþá. Margir fundir og tölvupóstsamskipti við borgina um að koma þessu hverfi inn í framtíðina. Liggur fyrir beiðni hjá borgarstjóra um þetta mál og samninga til að þoka þessum málum áfram. Við styðjum svipaðar hugmyndir í Almannadal komi þannig framtak fram.

Fundarstjóri les upp tillögu stjórnar um að hún fái leyfi fundarins til að halda áfram með viðræður við Reykjavíkurborg um byggingu reiðhallar norðan við Lýsishöllina í samstarfi við félagsmenn. Tillagan borin upp til samþykktar.

Fundurinn samþykkir samhljóða.

5. Óbyggðar lóðir í Faxabóli

Stjórn segir frá því að til standi að selja óbyggðar lóðir í Faxabóli í haust. Stjórn mun kynna hugmyndir að hesthúsunum, teikningum og skipulagi mjög fljótega á félagsfundi.

6. Kosningar

Úr stjórn gengu:

- Vigdís Matthíasdóttir
- Íva Rut Viðarsdóttir

Framboð til stjórnar voru eftirfarandi:

- Hjörtur Bergstað til formanns – sjálfkjörinn
- Hákon Leifsson til gjaldkera – sjálfkjörinn
- Ívar Hauksson til ritara – sjálfkjörinn

Kosið var um eftirtalda meðstjórnarmenn:

- Sigurður Elmar Birgisson til meðstjórnanda – 57 atkvæði
- Sæmundur Ólafsson – 10 atkvæði
- Þormóður Skorri Steingrímsson – 61 atkvæði

Framboð til skoðunarmanns:

- Silja Ósvaldsdóttir

Engin mótframboð bárust og voru því frambjóðendur sjálfkjörnir við lófatak fundarins.

Stjórn félagsins 2024-2025 er skipuð eftirfarand:

- 151264-3529 Hjörtur Bergstað, formaður
- 070558-4919 Hákon Leifsson, gjaldkeri
- 070982-3319 Ívar Hauksson, ritari
- 050474-4379 Þormóður Skorri Steingrímsson, meðstjórnandi
- 110468-5479 Sigrún Valdimarsdóttir, meðstjórnandi
- 020175-3899 Sigurður Elmar Birgisson, meðstjórnandi
- 110783-4779 Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir, meðstjórnandi

7. Ákvörðun árgjalds

Formaður talaði fyrir stjórn og lagði til hækkan félagsgjalds úr 19.500 kr. í 21.500 kr. fyrir fullorðna og 8.800 kr. fyrir unglingsa.



Tillagan samþykkt samhljóða með lófaklappi.

8. Önnur mál

- Kristín Helga: framkvæmdir við Elliðaárnar. Hvernig verður þessu haldið áfram?
HB: við tilkynntum í haust að þær tækju um eitt ár, höfum verið meðvituð um þetta frá upphafi og verðum að passa okkur á þessu svæði á meðan framkvæmdum stendur.
- Dagný Bjarnadóttir um reiðvegamál: höfum verið i samtali við framkvæmdaaðila og höfum farið fram á að þeir lagi tryppahringinn því þeir hafa keyrt meira á honum en til stóð. Í fyrra fengum við 4 milljónir í að viðhala reiðleiðum í dalnum; úr tröðunum, árslóðann og svo er búið að samþykka reiðleið inn í Heiðmörk þannig að ekki þurfi að ríða bílveginn. Þetta er stórt öryggismál fyrir okkur og við förum að byrja á þessu. Umhverfisstofnun og Rvkborg, var verið að deiliskipuleggja Rauðhólana. Fékk styrk 6,4 milljónir frá LH í þetta. Byrjun á þessu ári. Reiðleið við Rauðavatn, vantar síðasta legginn til að tengja saman leiðina og vonandi förum við að sjá fyrir endann á þessu. Á götunni í dag eru bílar, hjóli, gangandi og hestamenn. Til stendur einnig að deiliskipuleggja Heiðmörk. Orkuveitan og borgin voru ekki sammála, var því geymt. Það á að fara að endurvekja það og þar þurfum við að vera á verði. Það er engin reiðleið þar Reykjavíkurmegin, ekki fyrr en maður kemur í Kópavog. Fylgjumst með vinnu við Breiðholtsbraut og breikkun Suðurlandsvegar. Langar að þakka Fáksmönnum fyrir þátttöku í könnun, fengum styrk frá Vegagerðinni og erum búin að skila skýrslu til þeirra, góð þátttaka og styttist í að við birtum niðurstöðurnar.
- Guðrún Odds: reiðleiðin frá Brú að Stíflu, erum við að fara að missa hana?
Dagný: góð ábending. Held að verktaki hafi komist upp með að laga ekki eftir sig við framkvæmdirnar. Samkomulag að hafa mottur í staðinn fyrir malbik en svo var malbikað yfir allt.
HB: búið að leggja efnið.
Guðrún Sylvia Pétursdóttir bendir á skilti við brúna til að upplýsa fólk.

11. Fráfarandi stjórnarmönnum þakkað

Formaður þakkar fráfarandi skoðunarmönnum Rakel og Sæþóri fyrir gott starf. Einnig fráfarandi stjórnarmönnum fyrir góð kynni og samstarf í stjórn Fáks síðustu árin og kveður þær ívu Rut og Vígðísi með blómum.

12. Fundi slitið

Fundarstjóri bað um leyfi fundarins til að ganga frá fundargerð með ritara fundarins og voru engin andmæli við því.

Formaður þakkar starfsmönnum fundarins fyrir störfin og býður fundargestum að þiggja kaffi og veitingar.

Fundi slitið kl. 21:37.

Sigurbjörn Magnússon, fundarstjóri

Hilda Karen Garðarsdóttir, fundarritari